Ed. **434. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir yfirfarið frv. og borið það saman við gildandi lög. Telur meiri hl. nefndarinnar breytingar, sem fyrir liggja með frv., til mikilla bóta á lögunum, og er í aðalatriðum þeim samþykkur. Enda þótt einstakir nefndarmenn hefðu óskað að gera ýmsar breytingar á frv., þá telur meiri hluti nefndarinnar varhugavert að bera fram breytingartillögur og þar með að tefla í tvísýnu framgangi málsins, þar sem örstutt mun nú til þingslita. Nefndin er því ósammála um endanlega afgreiðslu þess, þar sem minni hlutinn mun ekki telja sig geta samþykkt frv. óbreytt. Enda þótt meiri hl. leggi áherzlu á, að engar breytingartillögur verði samþ. við frv. af áðurnefndum ástæðum, þá er honum ljóst, að inn í frv. voru sett ákvæði í neðri deild, sem telja verður mjög varhugaverð. Með ákvæðum 32. gr., þar sem sjóðfélagar í eftirlaunasjóðum Landsbankans og Útvegsbankans eru undanþegnir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs Íslands, er gefið fordæmi, sem hættulegt getur orðið viðgangi lífeyrissjóðs. Undanþága sjóðfélaga landsbankasjóðsins er þó að vissu leyti réttlætanleg, þar eð hann starfar samkvæmt landslögum, og mætti nema staðar við það að veita slíkar undanþágur einungis þeim mönnum, sem samkvæmt lögum eru skyldir til að kaupa sér ellitryggingu í sérstökum sjóðum. Sjóður Útvegsbankans er hinsvegar ekki fyrirskipaður með lögum, og verður þá ekki séð, er sjóðfélagar hans hafa fengið undanþágu, hvernig sjóðfélögum annara samskonar sjóða verður með nokkurri sanngirni neitað um sömu friðindi. Slíkir einkasjóðir eru margir til og opin leið fyrir þá, sem nokkurs eru megnugir og verulegar greiðslur inna af hendi til lífeyrissjóðs Íslands, að koma sér upp sérstökum ellilaunasjóðum og krefjast síðan undanþágu

á iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs Íslands. Mætti þá fara svo, að þeir einir yrðu þar eftir, sem minnst geta lagt af mörkum, og er auðséð, hver áhrif slíkt hlyti að hafa á vöxt og viðgang lífeyrissjóðs Íslands. Nú mun því ekki verða neitað, að aðstæður sjóðfélaga í eftirlaunasjóðum beggja bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, eru mjög svipaðar og erfitt að gera upp á milli þeirra. Ef ekki næst fylgi fyrir því í þinginu — sem líklegt er — að synja báðum um undanþáguna og láta þeim nægja þær réttarbætur, sem felast í 27. gr. frv., mætti gera báða sjóðina fullkomlega hliðstæða með því að lögfesta einnig eftirlaunasjóð Útvegsbankans, með það fyrir augum, að það verði gert þegar á næsta þingi og þá látið staðar numið við að veita slíkar undanþágur aðeins sjóðfélögum lögskipaðra eftirlaunasjóða. Meiri hluti nefndarinnar getur eftir atvikum sætt sig við, að 32. gr. frv. verði fremur samþykkt óbreytt en að eiga á hættu, að málinu í heild verði stefnt í nokkra óvissu með því að hrekja það á milli deilda vegna þessa atriðis. Hinsvegar er meiri hl. nefndarinnar ljóst, að margir ellilaunasjóðir einstakra stofnana og félaga munu koma á eftir og óska lögfestingar, ef að þessu ráði verður hnigið, og telur því nauðsynlegt, að ríkisstjórn í samráði við tryggingarstjórn athugi gaumgæfilega fyrir næsta þing, hve langt skuli farið inn á þessa braut.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.